

L Ö G

103

19. júní

um sjúkrasamlög.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að vér samkvæmt 2. gr. laga, dags. í dag, um breyting á lögum nr. 82, 23. júní 1932, um sjúkrasamlög, höfum látið fella texta þeirra inn í meginmál téðra laga frá 1932, og gefum þau hér með út svo breytt sem lög um sjúkrasamlög:

1. gr.

Það er sjúkrasamlag, ef menn bindast félagsskap í því skyni að tryggja hver öðrum gegn tilteknum iðgjöldum uppbót á tjóni, sem veikindi valda.

2. gr.

Sjúkrasamlög eiga heimtingu á því, að þau séu lögskráð, ef þau fylgja fyrirmælum þessara laga, og ber þeim þá styrkur úr landssjóði, í kaupstöðum og kauptúnum, sem læknir er búsettur í, 2 krónur, en annarsstaðar 2 krónur 25 aura árlega fyrir hvern féлага, sem árlangt hefir greitt iðgjald í samlagssjóð.

Auk þessa styrks fær hvert sjúkrasamlag greitt úr rikissjóði eftir á, samkvæmt ársreikningi þess, upphæð, sem nemur $\frac{1}{4}$ hluta af sjúkrahúskostnaði, þó aldrei meira en kr. 1.50 á legudag hvern.

Stjórnarráðið ræður lögskráningu sjúkrasamlaga og hefir allar þær gætur á þeim, sem því þykir þurfa.

3. gr.

Þessi eru skilyrðin fyrir því, að sjúkrasamlag geti orðið lögskráð:

1. Samlagið skal taka yfir tiltekið svæði, venjulega einn hrepp eða kaupstað,
2. Það skal veita viðtöku og full félagsréttindi hverjum manni, jafnt karli sem konu, ef hann sannar:
 - a. að hann eigi heima í samlagshéraðinu.
 - b. sé eigi yngri en 15 ára og eigi eldri en fertugur, er hann beiðist viðtöku.
 - c. sé hann búsettur í kaupstað eða kauptúni, sem læknir er búsettur í, að hann hafi ekki árstekjur meiri en 4500 kr., að viðbættum 500 kr. fyrir hvert barn innan 15 ára, sem er á framfæri hans.

103

19. júní

Gift kona getur ekki orðið hluttækur félagi í sjúkrasamlagi, ef maður hennar hefir hærri tekjur en hér segir.

- d. eigi ekki skuldlausar eignir, er nemi meira en 10 þús. kr., ef um einstakling er að ræða, en ef hjón eru, 15 þús. kr.
 - e. hafi engan viðloðandi eða ólæknandi sjúkdóm, er skerði eða geti skert vinnuþol hans, enda sé hann fullhraustur er hann gengur í samlagið.
3. Lögskráð sjúkrasamlög mega og veita viðtöku mönnum, sem eru yfir fertugt, gegn hærri iðgjöldum. Þau mega einnig veita mönnum viðtöku, þó að þá bresti hin önnur skilyrði í 2. tölulið þessarar greinar, en ekki skulu slíkir félagar eiga tilkall til neinnar tryggingar eða nokkurs styrks úr samlagssjóði eða landssjóði; þeir eru hlutlausir, en hinir hluttækir.
 4. Sjúkrasamlag verður því aðeins lögskráð, að í því sé að minnsta kosti 50 hluttækir félagar.
 5. Réttindi hluttækra samlagsmanna skulu vera: læknishjálp, sjúkrahúsvist og lyf, samkvæmt því, sem nánar er tekið fram í samþykktum hvers samlags. En jafnan skal þó hver félagi greiða sjálfur lyf þau að fjórðungi, er hann fær í heimahúsum eða utan sjúkrahúss.

Sjúkrasamlög skulu veita félögum sínum kost á að tryggja sér dagpeninga, sem þó mega ekki vera hærri en nemi $\frac{2}{3}$ af venjulegum tekjum hlutaðeiganda. Dagpeningagreiðslur falla niður, ef sjúklingur hefir tekjur sínar óskertar.

6. Iðgjöld hvers sjúkrasamlags skulu vera svo há, að stjórnarráðið telji þau nægja ásamt landssjóðsstyrknum fyrir þeirri tryggingu, sem samþykkt hvers samlags heitir samlagsmönnum.
7. Samlagið skal haga störfum sínum og stjórn eftir reglum, sem stjórnarráðið setur.

4. gr.

Ráðherra er heimilt að lögskrá sjúkrasamlög fyrir skóla, aðra en barnaskóla, með eftirfarandi skilyrðum:

1. Samlagið nái að jafnaði yfir einn skóla. Þó mega tveir eða fleiri skólar vera saman um samlag, ef þeir eru í sama hreppi eða kaupstað.
2. Samlagið skal veita viðtöku og full félagsréttindi:
 - a. hverjum nemanda skólans, nema vitað sé, að hann, ef hann er fullra 16 ára, eða framfarandi hans, ef hann er yngri, hafi þær tekjur eða sé svo efnun búinn, að hann geti ekki þess vegna orðið hlutgengur meðlimur í sjúkrasamlagi samkv. ákvæðum 3. gr., enda sé hann fullhraustur, er hann gengur í samlagið.
 - b. hverjum kennara og starfsmanni skólans, sem uppfyllir skilyrði 3. gr.
3. Samlagið uppfylli að öðru leyti skilyrði 3. gr. Þó má takmarka trygginguna meira en þar er gert ráð fyrir, svo sem með því að láta trygginguna ekki ná til sumarleyfa og sleppa dagpeningatryggingu.

5. gr.

103

19. júní

Enginn má vera hluttækur félagi í meira en einu sjúkrasamlagi í senn.

Nú óskar félagi að flytja sig úr einu samlagi í annað, og er þá stjórn þess samlags, er hann æskir inntöku í, heimilt að veita honum viðtöku án inntökgjalds, sérstakrar læknisskoðunar og án tillits til aldurs hans, enda sýni hann skilríki frá því samlagi, er hann fer úr, að hann sé fullgildur félagi þar.

6. gr.

Komi það fyrir, að umsækjandi í sjúkrasamlagi hafi visvitandi gefið rangar upplýsingar, t. d. um aldur, heilsufar, tekjur eða eignir, er hann skyldur að endurgreiða allt, er samlagið hefir þurft að greiða vegna hans.

Ef tekjur eða eignir hluttæks samlagsmanns fara yfir hámark það, sem ákveðið er í 2. gr., c- og d-liðum, er hann skyldur til að tilkynna það stjórn samlagsins áður en einn mánuður er liðinn frá því honum er kunnugt um breytinguna. Geri hann það ekki, er hann skyldur að endurgreiða samlaginu allan þann kostnað, er það hefir greitt vegna hans frá þeim tíma, er hann hætti að fullnægja framangreindum skilyrðum. Ekki eiga menn þeir, sem um ræðir í 1. og 2. málsg., neina kröfu um endurgreiðslu á neinu af því fé, er þeir hafa greitt í samlagssjóð.

7. gr.

Nú nær sjúkrasamlag ekki viðunandi samningum við þá, er það þarf að semja við. Er þá stjórnarráðinu heimilt að undanþiggja samlagið, að meira eða minna leyti, þeirri skyldu að sjá félögum sínum fyrir læknishjálp, lyfjum og sjúkrahúsvist. Skal þá að loknu reikningsári greiða samlagsmönnum sjálfum upp í sjúkrakostnað þeirra, samkvæmt kvittuðum sundurliðuðum reikningum frá læknum, lyfjabúðum eða sjúkrahúsum, eftir því sem fjárhagur samlagsins leyfir, þó aldrei meira en $\frac{2}{3}$ af upphæð reikninganna.

Nú kemur það fyrir, að stjórn sjúkrasamlags sér það, að útgjöld þessi verða svo mikil, að hætta er á því, að samlagið komist í fjárprot. Skal hún þá kalla saman aukafund í samlaginu, og ráðstafar hann, á hvern hátt ráða skuli fram úr málinu. Er þá heimilt samkvæmt ályktun þessa fundar, hvenær sem er á reiknisárinu:

1. Að hækka iðgjöld samlagsmanna, svo sem þurfa þykir.
2. Að undanþiggja samlagið, að meira eða minna leyti, þeirri skyldu að sjá félögum sínum fyrir læknishjálp, lyfjum og sjúkrahúsvist.

Ákvarðanir slíkra funda öðlast þó ekki gildi fyrir en þær hafa verið staðfestar af stjórnarráði Íslands, og hefir það vald til að breyta þeim, ef nauðsynlegt þykir.

8. gr.

Stjórnarráðið semur fyrirmynd að samþykktum handa sjúkrasamlögum.

103
19. júní

9. gr.

Ef sjúkrasamslag hættir að gegna þeim skilyrðum, sem sett eru í 3. gr., þá fellur niður styrkurinn úr landssjóði og afskipti stjórnarráðsins af sjúkrasamlaginu.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.